

Hotel Berg, Sumardaginn
fyrsta 1982

Ágætu gestir,

Fyrir hönd kvennaframboðsins í Reykjavík, býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin. Í dag er Sumardagurinn fyrsti, sá dagur, þegar allir fagna hækandi sól og nýju lífi allt um kring. Og það er auðvitað síður en svo fyrir einskæra tilviljun að við í Kvennaframboðinu höfum valið að taka á móti gestum einmitt á Sumardaginn fyrsta. Við þykjumst jú vera að gera það sem Bakkabræður ~~þykjumst~~ reyndu að gera en gáfust upp við - að bera sólina inn í bæinn.

Og raunar finnst okkur til nokkurs hafa verið unnið nú þegar. Nýtt líf hefur hlaupið í umræðuna um stöðu - eða öllu heldur stöðuleysi - kvenna. Nýtt mat virðist vera að fæðast á viðhorfum kvenna. Ný viðhorf virðast vera að stinga upp kollinum. Sól fer hækandi. Og sá stuðningur, sem við verðum varar við, hefur styrkt okkur í þeirri trú, að ótal margir eru reiðubúnir til að viðurkenna það í verki, að hér ríkir ekki jafnstaða kvenna og karla þrátt fyrir allt sem áunnist hefur. Við höfum ekki misst sjónar af því, að Kvennaframboð er mæklum meira en kvennalisti í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík vorið 1982. Kvennaframboð er tæki í

baráttunni fyrir algjöftri og raunverulegri jafnstöðu. Þess vegna einblínum við ekki á ~~úxxxixx~~ árangur kosninganna í vor ~~xxxxxx~~ þótt hann muni vissulega koma baráttunni til góða. Við horfum til framtíðarmarkmiðsins - frelsis, jafnréttis og syskkinalags.

Einmitt þess vegna er það líka af heilum hug, sem við bjóðum alla velkomna hingað, hvað svo sem þið ætlið ykkur að gera 22.maí. Því hver sá sem hlustar eftir og reynir að skilja orð kvenna, er að leggja baráttu þeirra lið. Oh hér er tækifæri til að spurja og hlusta eftir svörum.

Hér eru kvennaframboðskonur, ekki aðeins þær af listanum, heldur bakverðir þeirra líka. Og blaðið okkar liggur hér frammi, þar eru kynnt þau viðhorf sem við berjumst fyrir. Sá, sem fer hédan út fróðari um hug kvenna en hann var áður en hann kom, hefur þar með lagt lóð á vogarskálarnar.

Þið getið auðvitað gert meira. Þið gætuð keypt blaðið, þið gætuð keypt happadrættismiða, barmmerki. Þið gætuð stutt okkur með beinum fjárframlögum. Allt væri þetta stuðningur við viðhorf, sem okkur finnst að ættu að fá að hafa meira að segja í umhverfinu.

Ég vil að lokum inna á, að við erum raunar með opið hús í Hotela Vík alla daga hvunn dags. Þangað eru allir velkomnir líka, karlar og konur, hvort sem áð er bara til að forvitnast, hitta fólk og rabba við það eða til að taka virkan þátt í starfinu. Hér liggja frammi listar, þar sem þeir, sem til þess hafa áhuga og tíma, egta skráð sig á allt eftir því hvað þeir sjá sér fært að gera. Og þá mig langar líka til að auglýsa, að núna á eftir, kl.5, verður söngæfing á Hotel Vík. Tónskáldið okar kennir þá ný lög og tæxta, svo jafnréttisröddin megi hefja upp raust sína hátt og skýrt: svo um munar.

Og að lokum óska ég öllum gleðilegs, gæfuríks og síðast en ekki síst - sólríks sumars. Munið þrátt fyrir allt, að þið kjósið ekki eftir á.